



Af hverju og við hvaða aðstæður er helst ráðist í framkvæmd áreiðanleikakönnunar?

Fyrir hverja eru áreiðanleikakannanir og hver er mögulegur ávinningur slíkrar vinnu?

Hver er staða fyrirtækis í lögfræðilegum, skattalegum og fjárhagslegum málefnum?

Fyrirtækjaráðgjöf

Áreiðanleikakannanir

Áreiðanleikakannanir eru framkvæmdar fyrir aðila sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta eins og kaupendur félaga, seljendur félaga eða aðra.

Áreiðanleikakönnun er ætlað að draga úr áhættu fyrir þann hagsmunaaðila sem í hlut á.

Áreiðanleikakönnun felst í því að kanna fjárhagslega stöðu fyrirtækis, rekstur þess og önnur atriði sem varða sérstaka hagsmuni.

Hvað eru áreiðanleikakannanir?

Markmið áreiðanleikakönnunar er að sannreyna og greina upplýsingar sem eru mikilvægar tilteknum hagsmunaaðila við ákvörðunartöku. Mikilvægt er að áreiðanleikakönnun sé unnin af hlutlausum, sérfróðum aðila og að niðurstaða hennar sé sett fram með nægilega skýrum hætti fyrir þann aðila sem hún er ætluð.

Áreiðanleikakannanir geta tekið til margra þátta og sem greina má niður í þrjá fyrirfram skilgreinda flokka:

- Fjárhagsleg áreiðanleikakönnun.
- Lögfræðileg áreiðanleikakönnun.
- Skattaleg áreiðanleikakönnun.

Við gerð áreiðanleikakönnunar er leitað margvíslegra upplýsinga sem varða t.d. fjármögnun fyrirtækis, skattaleg álitamál, lög og reglur sem gilda um starfsemi þess, tryggingamál, rekstrarhorfur, fjárhagsupplýsingar, starfsmannamál osfrv.

Einnig er litið til þess hvornig framsetning upplýsinga og gagna er háttáð frá fyrirtækinu sem er verið að skoða. Markmiðið er að heildstæð mynd fái af fyrirtækinu við lestur áreiðanleikakönnunar.

Umfang áreiðanleikakönnunar

Umfang áreiðanleikakönnunar er ákvarðað í samræmi við væntingar þess aðila sem í hlut á.

Tilgangur könnunar ræðst af óskum viðkomandi hagsmunaaðila sem gæti til dæmis verið:

- kaupandi fyrirtækis
- seljandi fyrirtækis
- lánveitandi
- stjórnarmenn og stjórnendur

Áreiðanleikakannanir án takmarkana taka fyrir alla þætti sem snerta rekstur og eignir fyrirtækisins, réttindi þess og skuldbindingar ásamt lagalegu og skattalegu umhverfi.

Í sumum tilvikum eru framkvæmdar afmarkaðar áreiðanleikakannanir þar sem einungis eru skoðaðir fyrirfram skilgreindir þættir svo sem fjárhagslegir þættir eða lögfræðilegir þættir.

Þættir áreiðanleikakannana

Fjárhagsleg áreiðanleikakönnun

Mikilvægt er að aðilar geri sér grein fyrir því að framkvæmd fjárhagslegrar áreiðanleikakönnunar jafngildir ekki endurskoðun. Yfirleitt er um að ræða stöðukönnun miðað við síðustu reikningsskil, greining upplýsinga, athugun á því hvort skuldbindingar séu tæmandi, skoðun á áætlunum og fleiri slíkum atriðum.

Skattaleg áreiðanleikakönnun

Megin tilgangur skattalegra áreiðanleikakannana er að greina skattalegar skuldbindingar félagsins og hvaða skattalegu þættir hafa áhrif á rekstur þess.

Lagaleg áreiðanleikakönnun

Ólíkir þættir koma inn í skoðun lagalegra áreiðanleikakannana. Samningar félagsins og ákvæði þeirra eru skoðaðir, samningar við hluthafa / eigendur skoðaðir, stofnskjöl, leyfismál og möguleg ágreiningsmál. Önnur atriði eru til dæmis skipulag félagsins og starfsmannamál.

Niðurstöður áreiðanleikakannana

Það er reynsla PricewaterhouseCoopers að áreiðanleikakannanir séu nauðsynlegar í margvíslegum viðskiptum milli fyrirtækja sem og þegar fyrirtæki eru keypt eða seld.

Mikilvægt er að umfjöllun áreiðanleikakönnunar sé efnislega skýr, fjalli um þætti sem skipta máli fyrir viðkomandi hagsmunaaðila og niðurstaðan sé sett fram með þeim hætti að hún nýtist við hvers konar ákvörðunartöku.

Hvað getur PricewaterhouseCoopers gert fyrir þig?

PricewaterhouseCoopers getur aðstoðað kaupendur, seljendur og aðra hagsmunaaðila við að lágmarka áhættu í viðskiptum.

Niðurstöður áreiðanleikakannana geta skipt sköpum fyrir aðila sem eru að gera stóra viðskiptasamninga þar sem taka þarf ákvarðanir á grundvelli greinagóðra og lýsandi upplýsinga.

PricewaterhouseCoopers hefur áralanga reynslu af framkvæmd áreiðanleikakannana og býr að reyndu og hæfu starfslíði innan fyrirtækjaráðgjafar.

Þessi kynning felur ekki í sér ráðgjöf af neinu tagi. Ekki ætti að aðhafast samkvæmt þessu kynningarriti án þess að fá sérfræðilega ráðgjöf. PricewaterhouseCoopers hf., PricewaterhouseCoopers LLP, hluthafar, starfsmenn og umboðsaðilar bera ekki ábyrgð á upplýsingum sem gefnar eru í þessu riti eða aðgerða sem framkvæmdar eru af hálfu annarra aðila á grundvelli þessara upplýsinga.

© 2008 PricewaterhouseCoopers hf. Allur réttur áskilinn. „PricewaterhouseCoopers“ og „PwC“ vísar til PricewaterhouseCoopers hf. á Íslandi, nema ráða megi af samhengi eða beinum tilvisunum að vísað sé í önnur fyrirtæki í samstæðu PricewaterhouseCoopers International Limited sem öll eru lagalega sjálfstæðar einingar.

Tengiliðir

Haldór Þorkelsson

Sviðsstjóri Fyrirtækjaráðgjafar

+ 354 550 5229

halldor.thorkelsson@is.pwc.com

Kristján Markús Bragason

Varasviðsstjóri

+ 354 550 5350

kristjan.m.bragason@is.pwc.com